

**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG  
NORÐUR BREIÐFIRÐINGA**



Ársskýrsla 2024



## Aðildarfélög og stjórnir félaga



### Glímufélag Dalamanna

Formaður: Jóhann Eysteinn Pálmason  
Ritari: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir  
Gjaldkeri: Svana Hrönn Jóhannsdóttir

facebook: Glímufélag Dalamanna



### Hestamannafélagið Glaður

Formaður: Heiðrún Sandra Grettisdóttir  
Varaformaður: Svanhvít Gísladóttir  
Ritari: Sjöfn Sæmundsdóttir  
Gjaldkeri: Þórður Ingólfsson  
Meðstjórnandi: Einar Hólm Friðjónsson  
Meðstjórnandi: Skjöldur Orri Skjaldarson

heimasíða: gladur.is

facebook: Hestamannafélagið Glaður



### Íþróttafélagið Undri

Formaður: Guðrún B. Blöndal  
Ritari: Svanhvít Lilja Viðarsdóttir  
Gjaldkeri: Berghildur Pálmadóttir

facebook: Íþróttafélagið Undri



### Ungmennafélagið Afturelding

Formaður: Styrmir Sæmundsson  
Ritari: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir  
Gjaldkeri: Katla Tryggvadóttir



### Ungmennafélagið Dögun

Formaður: Hrefna S. Ingibergsdóttir  
Ritari: Þuríður Sigurðardóttir  
Gjaldkeri: Sigrún Birna Halldórsdóttir



### Ungmennafélagið Ólafur Pá

Formaður: Jón Egill Jónsson  
Ritari: Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir  
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannsdóttir

### Ungmennafélagið Æskan

Formaður: Sigríður Fjóra Mikaelisdóttir  
Ritari: Sindri Geir Sigurðarson  
Gjaldkeri: Ingvar Kristján Bæringsson

## Ávarp formanns

Í hundraðasta og fjórða sinn eru fulltrúar UDN saman komnir á sambandsþingi þar sem farið er yfir liðið ár og horft til framtíðar.

Starfsemin hefur verið svipuð og undanfarin ár að því undanskildu að sambandið hélt ekki nein mót á liðnu ári, það hefur eingöngu verið í höndum aðildarfélaganna. Sambandið stóð fyrir viðburðum í tengslum við Íþróttaviku Evrópu með aðkomu aðildarfélaganna og utanaðkomandi gestum.

Stjórn hefur unnið að ýmsum breytingum og uppfærslum á árinu. Á síðasta þingi voru samþykktar lagabreytingar, reglugerðir uppfærðar og nýjar samþykktar. Nýju reglugerðirnar eru hvatningarviðurkenningarnar Drifskafið sem er ætlað 14 – 16 ára og Hvatningarverðlaun UDN sem er ætlað til að veita verkefnum, einstaklingum og félögum viðurkenningu fyrir áberandi og gott starf.

Á miðju ári komu til framkvæmda breytingar á reglum um úthlutun arðs frá Íslenskri getspá sem UDN fær frá ÍSÍ og UMFÍ. Ljóst er að þessar breytingar hafa áhrif á sambandið fjárhagslega og því miður meiri áhrif aðildarfélögin til að takast á við þeirra verkefni.

Fulltrúi UDN sótti fundi UMFÍ og ÍSÍ sem til var boðað. Það er gott og áhugavert oft á tíðum að hitta aðra sem eru í sömu verkefnum. Eiga samtalið og eins hlusta eftir því sem aðrir eru að vinna að. Yfirfæra það heim í hérað teljist geta orðið ávinningur af því fyrir sambandið eða félögin.

UDN kaupir nú aðgang að Abler fyrir aðildarfélögin. Með því er ætlunin að auðvelda félögunum að halda utan um starfsemi sína, auka gagnsæi og sambandið mun geta sótt upplýsingar á auðveldan máta og þannig sparað tíma.

Áfram er gott samstarf við framkvæmdastjóra ÍA, UMSB og HSH. Unnið að samræmingu þar sem það á við og skipst á skoðunum og rýnt í önnur verkefni eða málefni. Á árinu komu til starfa fulltrúar svæðisskrifstofu UMFÍ og ÍSÍ á Vesturlandi. Undanfarnir mánuðir hafa farið í að kynna sambandið og félögin ásamt því að nýta aðstoð við styrkjaumsóknir og samræmingu verkefna á Vesturlandi svo eitthvað sé nefnt.

Aðildarfélögin halda úti góðu starfi og er það þakkarvert, ólík verkefni og hlutverk eftir félögum. Verkefni sem henta einstaklingnum, hópnum og sjálfboðaliðanum. Góður hópur úr þessum félögum fór á Unglingalandsmót í Borgarnesi undir merkjum UDN. Fínir dagar í Borgarnesi og þátttakendur UDN enduðu mótið á að taka á móti Fyrirmyndarbikar UMFÍ frá Jóhanni Steinari formanni UMFÍ. Þar með erum við komin með verkefni fyrir næsta ULM á Egilsstöðum.

Á árinu fækkaði aðildarfélögum UDN um eitt, er Ungmennafélagið Stjarnan sagði sig úr UDN. Er félaginu þökkuð samfylgdin og samstarfið í yfir 100 ár.

Forsvarsmönnum aðildarfélaganna, stjórn UDN þakka ég samstarfið á árinu og óska góðs gengis á nýju starfsári.



## Efnisyfirlit

Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2024-2025 .....	5
Þingfulltrúar .....	6
Starfsemi UDN .....	7
103. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga. ....	7
Íþróttamaður UDN 2023 .....	9
Stjórnarfundir.....	9
Vorfundur UMFÍ.....	9
Be active - Íþróttavika Evrópu .....	10
Sambandsráðsfundur UMFÍ .....	10
Formannafundur ÍSí.....	10
Unglingalandsmót UMFÍ .....	12
Vesturlandssamstarf/svæðisskrifstofa .....	13
Lottó úthlutun - samþykkt á sambandsþingi 17. apríl 2024 .....	14
Viðurkenningar .....	15
Íþróttamanneskja UDN 1982-2023 .....	16
Reikningar UDN 2024.....	17



## Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2024-2025

Formaður                    Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Varaformaður            Kolfinna Ýr Ingólfadóttir

Gjaldkeri                 Sindri Geir Sigurðarson

Ritari                      Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

Meðstjórnandi         Guðrún Blöndal

Varamaður                Sandra Rún Björnsdóttir

Varamaður                Skjöldur Orri Skjaldarson

## Pingfulltrúar

### Fjöldi félagsmanna 16 ára og eldri

Aðildarfélag	skv. félagatali um áramót	Pingfulltrúar
Umf. Afturelding	53	3
Umf. Dögun	57	3
Umf. Ólafur Pá	119	6
Umf. Æskan	160	8
Íþróttafélagið Undri	36	2
Glímufélag Dalamanna	32	2
Hestamannafélagið Glaður	123	7

### 8. grein

Á sambandsþingi eiga sæti fulltrúar frá félögum þeim sem í sambandinu eru á hverjum tíma. Hvert félag má senda einn fulltrúa fyrir hverja byrjaða tvo tugi 16 ára og eldri. Miðast það við félagatölu sem gefin er upp á skýrslum um hver áramót.

## Starfsemi UDN

Starfsemi Héraðssambanda hefur breyst talsvert undanfarin ár og snýr mest að umsýsluþáttum ef svo má segja. Samkvæmt 6. Kafla, 46.2 grein íþróttalaga ÍSÍ segir eftirfarandi um hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga.

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i) Að tryggja góða stjórnarhætti innan héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.

**Farið er yfir það helsta í störfum í UDN ársins 2024 hér að neðan.**

### 103. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

103. sambandsþing UDN var haldið í Dalabúð 17. apríl 2024 í boði Ungmennafélagsins Ólafi Páa. Skemmtilega vildi til að félagið átti 115 ára afmæli á árinu. Þar mættu fulltrúar aðildarfélaganna og farið var yfir mál þingsins. Dagskrá þingsins var í hefðbundnu aðalfundaformi. Björn Bjarki Þorsteinsson var þingforseti og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Jóhanna Sigrún Árnadóttir ritarar.

#### **Gestir**

Á þingið mættu góðir gestir. Ómar Bragi Stefánsson fulltrúi UMFÍ og Andri Stefánsson fulltrúi ÍSÍ. Þeir fluttu ávarp og góðar kveðjur af Engjaveginum.

Ómar Bragi minnti á viðburði UMFÍ eins og ULM og Landsmót 50+. Eins minnti Ómar á sjóði UMFÍ og að starfsfólk UMFÍ væri alltaf til staðar ef á þyrfti að halda. Ómar nefndi hinar nýju starfsstöðvar sem verða átta víðsvegar um landið og að margir hefðu sótt um stöðurnar.

Að lokum veitti Ómar Rebekku Eiríksdóttur og Guðrún Guðmundsdóttur starfsmerki UMFÍ. Hvorug þeirra var á staðnum en veitti Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir starfsmerki Rebekku viðtöku. Við nýttum okkar það góða samstarf sem hefur verið milli íþróttahérðaða og bandalaga á Vesturlandi og Guðrún fékk sitt starfsmerki afhent á ársþingi ÍA sem var nokkrum dögum síðar.



Andri ræddi einnig nýjar starfsstöðvar sem og Hvatasjóð sem er nýr sjóður sem styrkir verkefni sem stuðla að útbreiðslu íþróttastarfs og þátttöku allra barna. Andri ræddi afreksmál og þá breytingu sem hefur orðið á íþróttaiðkun og þekkingu frá því sem var. Hvatti til þátttöku í þeim lýðheilsuviðburðum sem eru á vegum ÍSÍ. Að lokum veitti Andri Valberg Sigfússyni silfurmerki ÍSÍ.



### **Skýrsla stjórnar, ársreikningar og tillögur**

Á þinginu var farið yfir ársreikning, skýrslu stjórnar og tillögur og sköpuðust góðar umræður í kjölfarið. Fyrir lágu miklar lagabreytingar, endurskoðun á lottóreglum og íþróttamanneskju UDN. Tvær nýjar reglugerðir voru samþykktar, Drifskafið hvatningarverðlaun fyrir 14 – 16 ára og Hvatningarverðlaun UDN. Tillögur voru allar samþykktar en nokkrar með einstaka breytingum þó.

### **Stjórn UDN**

Kosin var um tvo meðlimi í stjórn UDN. Guðrún Blöndal og Sindri Geir Sigurðarson gáfu bæði kost á sér áfram og hlutu lófaklapp. Varamenn í stjórn Sandra Rún Björnsdóttir og Skjöldur Orri Skjaldarson gáfu kost á sér áfram.

Stjórn skipti svo með sér verkum á fyrsta fundi eftir þing samkvæmt 9. grein laga UDN.



## Íþróttamaður UDN 2023



Viðurkenningin Íþróttamanneskja UDN var veitt á sambandsþingi UDN. Tveir fengu tilnefningu til íþróttamanneskju ársins, glímufólkið Benóní Meldal og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir. Kosning var mjög jöfn en Jóhanna Vigdís hlaut viðurkenninguna. Jóhanna Vigdís var ekki viðstödd þingið og fékk viðurkenninguna afhenta á 17. júní hátíðarhöldum í Dalabúð.

## Stjórnarfundir

Árið 2024 voru 12 formlegir stjórnarfundir haldnir. Fimm staðfundir og sjö fjarfundir (TEAMS). Einn vinnufundur var haldinn og fór í tiltekt á skrifstofunni. Spjall vettvangur rafrænt var einnig mikið nýttur til að halda utan um það sem rætt var á fundum. Formannafundir voru tveir, í janúar og í desember. Á þeim fundum fór fram góð umræða. Á desemberfundinum voru með okkur svæðisfulltrúar UMFÍ og ÍSÍ á Vesturlandi þau Heiðar Mar og Álfheiður. Þau kynntu sig og fengu aðeins innsýn í starf UDN og aðildarfélaganna.

## Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn 8. júní í tengslum við Landsmót 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd. Fundurinn er óformlegur og þar koma saman forsvarsmenn sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ. Auður Inga framkvæmdastjóri UMFÍ fór yfir starfsemi og verkefni. Fulltrúar UDN, UMSB, HSH og ÍA voru með smá erindi um Vesturlandssamastarfið. Samstarf sem hefur gengið vel, skilað ýmsu góðu til sambandanna/bandalaganna. Að hádegismat loknum voru erindi um ungmennafélagsandann og síðan umræðuhópar. Á þessum fundum hittist fólk úr hreyfingunni og á saman gott spjall á formlegan og óformlegan hátt.

Fulltrúi UDN var Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður.

## Be active - Íþróttavika Evrópu

23. – 30. september ár hvert er Íþróttavika Evrópu. Í stuttu máli er markmiðið með Íþróttaviku Evrópu að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Slagorð vikunnar er "BeActive" eða „Vertu virkur“ og með því er verið að hvetja alla Evrópubúa til að hreyfa sig án tillits til aldurs, bakgrunns eða líkamlegs forms. Þessi vika á að stuðla að því að einstaklingar, stjórnvöld, íþróttahreyfingin, almenningur og fleiri standi saman í því að auka þátttöku almennings í íþróttum og hreyfingu.

UDN tók þátt í Íþróttaviku Evrópu líkt og 2023. Námskeið og kynningar voru nokkrar á sambandssvæðinu þ.e. bæði í Dölum og Reykhólasveit. Viðburðir sem voru m.a. í boði; kynning Hjólreiðafélag Vesturlands, kraftlyftingar með Láru Bogey, sjósund, Led badminton, frísbíggolf, bogfímikynning/mót og Pepp fyrir landsmót 50+. Aðsókn á viðburðina sló ekki nein met en það sem er mikilvægast er að þeir sem komu hafi haft gagn og gaman að.

UDN þakkar félögum á sambandssvæðinu sem komu að viðburðum sem og þeim sem komu að til að vera með kynningu eða námskeið. Við höldum ótrauð áfram að vera með í þessu verkefni.

## Sambandsráðsfundur UMFÍ

45. sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram að Varmalandi í Borgarfirði 12. október 2024. Sambandsráðsfundur er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga og haldinn annað hvert ár. Fundinn sitja formenn sambandsaðila UMFÍ eða varamenn.



Á fundinum voru afhent þrenn Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Héraðssamband Vestfjarða fyrir karlahreysti á Ísafirði, Ungmennafélag Grindavíkur og Héraðssamband Strandamanna fyrir verkefni Skíðafélags Strandamanna.

Fulltrúi UDN var Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður.

## Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ fór fram föstudaginn, 22. nóvember, í veislusal Knattspyrnufélagsins Þróttar í Laugardal. Formannafundur er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna og

framkvæmdastjóra sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Um 100 formenn og framkvæmdstjórar sambandsaðila ÍSÍ mættu ásamt stjórn og starfsfólki ÍSÍ.

Fyrir fundinn var frambjóðendum stjórnmalaflokkanna sem bjóða fram til Alþingiskosninga, boðið að mæta og kynna þeirra stefnu varðandi íþróttatengd málefni og samtal við fólk úr íþróttahreyfingunni. Úr urðu hressilegar og málefnalegar umræður milli frambjóðenda við spyrjendur úr sal.

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, setti fundinn og flutti ávarp. Fundarstjóri var Þórey Edda Elísdóttir, fyrsti varaforseti ÍSÍ. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fór yfir starfsemi ÍSÍ síðastliðið ár og Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri ÍSÍ, fór yfir fjármál ÍSÍ.

Framkvæmdastjórn kynnti sérstaklega svæðisstöðvar íþróttahéraðanna, málefni afreksíþróttá, fjármál íþróttahreyfingarinnar, stöðu á vinnuhópum innan ÍSÍ og Íþróttáþing.

Rætt var um skattskyldu af íþróttastarsssemi og leiðbeiningar þess varðandi. Hafa leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar verið endurskoðaðar í því sambandi. Þar er það til að mynda tekið skýrt fram að aðalstjórn félags ber ábyrgð á fjármálum félagsins og deilda þess. Finna má leiðbeiningarnar ásamt fleiru á [www.isi.is/um-isi/log-reglugerdir-og-stefnur/](http://www.isi.is/um-isi/log-reglugerdir-og-stefnur/).

Vinnuhópar ÍSÍ og UMFÍ gerðu grein fyrir sínum störfum m.a.;

- Staða og starfsumhverfi sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar.  
Aðildarfélög UDN geta sótt skýrsluna og upplýsingar úr henni á vef UMFÍ: [www.umfi.is/utgafa/frettasafn/allar-frettir/sjalfbodaliðar-hjarta-ithrottahreyfingarinnar/](http://www.umfi.is/utgafa/frettasafn/allar-frettir/sjalfbodaliðar-hjarta-ithrottahreyfingarinnar/).
- Vinnuhópur á vegum ÍSÍ er að endurskoða regluverk ÍSÍ m.t.t. góðra stjórnarháttá og verður tillaga lögð fram á Íþróttáþingi nú í vor.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ til kvöldverðar í Þróttarheimilinu.

Fulltrúi UDN var Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður.

## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um Verslunarmannahelgina 2024. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð. Um 1.000 þátttakendur á aldrinum 11 – 18 ára voru skráðir á mótinu. Boðið var upp á 18 íþróttagreinir og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Mest ásókn var í kökuskreytingar af öllum greinum á þessu mótinu.



UDN átti 21 þátttakanda á ULM í Borgarnesi. Okkar fólk tók m.a. þátt í bogfimi, knattspyrnu, grasblaki, pílukasti, frjálsum, glímu, skák, hestaíþróttum, kökuskreytingum og borðtennis. Það er gaman að fylgjast með þátttakendum okkar dreifast í hinar ýmsu greinar og fylgjast með þeim prófa greinar í fyrsta sinn eða vera að auka við reynslu sína í öðrum. Segja má að okkar fólk hafi staðið sig með mikilli þryði á mótinu. Þó aðaláhersla þessa móts sé að hafa gaman saman og reyna eitthvað nýtt þá finnst flestum, ef ekki öllum, góð tilfinning að standa framarlega meðal jafningja. Fimm unglingsmótsmeistararitlar fylgdu okkar þátttakendum heim, einhver silfur og einhver brons. Margir að bæta árangur sinn en ALLIR að hlaða í reynslubankann, lifa og njóta. Þrír af titlunum náðust í glímu og tveir í bogfimi.

Rúsínan í pýsluendanum var án nokkurs vafa að hljóta Fyrirmyndarbikar UMFÍ við mótsslit á sunnudagskvöldinu. Reikna má með að bros og sól í sinni hafi fylgt einhverjum heim yfir Bröttubrekku eftir góða daga í Borgarnesi. Fyrirmyndarbikar er veittur því héraði/sambandi sem sýnir fyrirmyndarframkomu innan sem utan keppni á mótinu.

<https://www.umfi.is/.../dalamenn-og-breidfirdingar-hlutu.../>





## Vesturlandssamstarf/svæðiskrifstofa

Vesturlandssamstarfið hélt áfram 2024 milli ÍA, UMSB, HSH og UDN. Óformlegir fundir, spjall í netheimum og samvinna við hin ýmsu mál. Líkt og áður voru áskoranirnar mismunandi milli svæða en að hafa möguleikann á að fá annað sjónarhorn, gagnrýni, samræma vinnubrögð og vinna verkefni saman er mikils virði. Á vofundi UMFÍ fór „Vesturlandsteymið“ yfir hvernig samstarfið virkar og hvað það geri fyrir hvert samband. Inn í samstarfið komu svo starfsmenn svæðisstöðvar UMFÍ og ÍSÍ á Vesturlandi, þau Heiðar Mar Björnsson og Álfheiður Sverrisdóttir og með þeim kemur ný reynsla og önnur sjónarhorn.

### Hlutverk svæðisstöðva íþróttahéraðanna

Hlutverk svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi hvers þeirra, sumt með samræmdum hætti á landsvísu en annað eru aðgerðir eða verkefni sem nýtast einstökum héruðum eða félagi. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu.

Nokkur verkefni eru í farvatninu hjá teyminu og má þar helst nefna „Allir með á Vesturlandi“. Allir með er samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSÍ, UMFÍ og ÍF) en verkefnið gengur út á að fjölga tækifærum á hreyfingu fyrir börn með fötlun. Stefnt er að því að halda Allir með á Vesturlandi haustið 2025.



## Lottó úthlutun - samþykkt á sambandsþingi 17. apríl 2024

### 1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frest sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert. Aðildarfélög þurfa einnig að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.

### 2. skipting Lottótekna t

- a) 70% til aðildarfélaga
- b) 30% til UDN

**Forsendur til úthlutunar:** að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

### 3. Skipting Lottótekna, skv. b-lið 2. Greinar, milli aðildarfélaga:

- a) 20% jafnt á millri allra félaga með **virka** starfsemi
- b) 80 % eftir fjölda **iðkenda** 18 ára og yngri

Samþykkt á 103. sambandsþingi UDN í Dalabúð, 17. apríl 2024

### Lottótekjur aðildarfélaga UDN fyrir árið 2024

		iðkendafjöldi 18 ára og yngri (2024)
Glímufélag Dalamanna	569.944 kr	28
Hestamannafélagið Glaður	882.777 kr	48
Íþróttafélagið Undri	616.869 kr	31
<u>Umf. Afturelding</u>	<u>569.944 kr</u>	28
<b>Samtals</b>	<b>2.639.533 kr</b>	



UMFÍ

### Gullmerki

2018 Jóhann Eysteinn Pálmason

### Starfsmerki

1988 Sveinn Gestsson  
1991 Gísli Gunnlaugsson  
1994 Sigrún Halldórsdóttir  
1998 Guðmundur Gunnarsson  
2005 Jóhann Pálmason  
2007 Finnbogi Harðarson  
2017 Arnar Eysteinnsson  
Þórður Ingólfsson  
2018 Kristján Jóhannsson  
Jón Egilsson  
Hrefna Sumarlína Ingibergsdóttir  
Herdís Erna Matthíasdóttir  
Ingveldur Guðmundsdóttir  
2021 Eypór Gíslason  
Svala Svavarsdóttir  
Egill Sigurgeirsson  
2024 Rebekka Eiríksdóttir  
Guðrún Guðmundsdóttir



ÍSí

### Gullmerki

2013 Finnbogi Harðarson  
2021 Heiðrún Sandra Grettisdóttir

### Silfurmerki

2007 Einar Jón Geirsson  
2018 Bryndís Karlsdóttir  
Gústaf Jökull Ólafsson  
Ingvar Samúelsson  
Jóhanna Sigrún Árnadóttir  
Svanborg Guðbjörnsdóttir  
2021 Ingibjörg Jóhannsdóttir  
Margrét Jóhannsdóttir  
2024 Valberg Sigfússon

## Íþróttamaður / íþróttamanneskja UDN



1982	Pórólfur Sigurðsson
1983	Ólöf Björg Einarisdóttir
1984	Hálf dán Kristinsson
1985	Ellert Finnbogason
1986	Steinunn Hannesdóttir
1987	Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
1988	Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
1989	Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
1990	Gunnlaugur Vésteinsson - Frjálsar íþróttir
1991	Gunnlaugur Vésteinsson - Frjálsar íþróttir
1992	Finnbogi Harðarson - Frjálsar íþróttir
1993	Íris Hrund Grettisdóttir - Frjálsar íþróttir
1994	Ingi Magnús Ómarsson
1995	Ingi Magnús Ómarsson
1996	Anton Axelsson - Frjálsar íþróttir
1997	Ragnar Hrafn Svanbergsson
1998	Jósep Magnússon - Frjálsar íþróttir
1999	Jósep Magnússon - Frjálsar íþróttir
2000	Helga Dóra Rúnarsdóttir - Frjálsar íþróttir
2000	Helgi Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
2001	Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
2002	Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
2003	Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
2004	Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
2005	Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
2006	Ekki valið
2007	Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
2008	Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
2009	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
2010	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
2011	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
2012	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
2013	Ekki valið
2014	Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
2015	Vignir Smári Valbergsson - Frjálsar íþróttir
2016	Laufey Friða Þórarinsdóttir - Hestar
2017	Ekki valið
2018	Ekki valið
2019	Ekki valið
2020	Ekki valið
2021	Jóhanna Vigdís Pálmadóttir - Glíma
2022	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
2023	Jóhanna Vigdís Pálmadóttir - Glíma



## Efnahagsreikningur 31.12.2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Eignir:</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>			
Fastafjármunir	16	1.807.694,0	1.807.694
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>1.807.694,0</b>	<b>1.807.694</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Vörubirgðir		21.785,0	21.785
Skammtímakröfur	17	200.062,0	1.846.031
Handbært fé	18	11.628.103,0	12.340.047
<b>Veltufjármunir alls:</b>		<b>11.849.950,0</b>	<b>14.207.863</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>13.657.644,0</b>	<b>16.015.557</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári		10.354.914,0	9.218.078
Hagnaður (-tap) ársins		290.805,0	1.136.836
<b>Eigið fé alls</b>		<b>10.645.719,0</b>	<b>10.354.914</b>
<b>Skuldir:</b>			
Skammtímaskuldir	19	3.011.925,0	5.660.643
<b>Skuldir alls:</b>		<b>3.011.925,0</b>	<b>5.660.643</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals:</b>		<b>13.657.644,0</b>	<b>16.015.557</b>

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn UDN höfum yfirfarið bókhald sambandsins fyrir árið 2024 og teljum að framlagðir reikningar gefi glögga mynd af rekstri sambandsins og stöðu þess í árslok

Við leggjum því til að reikningar sambandsins verði samþykktir

Dags:

27. mars 2025

Sigrún B. Ólafsdóttir

Sigrún Birna Halldórsdóttir

Ron 10 Pórarinnson

Pórarinn Birgir Pórarinnson

## Stjórn UDN

---

formaður

---

varaformaður

---

gjaldkeri

---

ritari

---

meðstjórnandi

## Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) 2024

### Rekstrarreikningur

	skýr.	2024	Áætlun 2024	2023
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Félagsgjöld	1	0	0	51.600
Framlög og styrkir	2	1.346.861	1.200.000	1.286.278
Tekjur af Lottó	3	3.770.761	1.500.000	7.928.857
Seldur fatnaður o. fl.	5	0		75.900
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>5.117.622</b>	<b>2.700.000</b>	<b>9.342.635</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Kostnaður v/söluvarnings	6	0		411.560
Mótakostnaður ULM	7	149.100		20.000
Lokahóf barna og ungmennastarfs UDN	8	12.500		45.000
Framlög og styrkir	10	3.999.533	2.000.000	7.450.200
Laun og styrkir	11	0	500.000	0
Skrifstofukostnaður og búnaður	12	459.828	150.000	267.033
Stjórnun og umsýsla	13	44.350	250.000	106.055
Abler - aðgangskostnaður			300.000	0
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>4.665.311</b>	<b>3.200.000</b>	<b>8.299.848</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>		<b>452.311</b>	<b>-500.000</b>	<b>1.042.787</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>				
Vaxtatekjur og verðbætur	14	476.386	250.000	297.375
Vaxtagjöld og afskriftir	15	-637.892	-200.000	-203.326
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls</b>		<b>-161.506</b>	<b>50.000</b>	<b>94.049</b>
<b>Tekjurafgangur (-tap) af reglulegri starfsemi</b>		<b>290.805</b>	<b>-450.000</b>	<b>1.136.836</b>
<b>Tekjuafgangur (-tap) ársins</b>		<b>290.805</b>	<b>-450.000</b>	<b>1.136.836</b>

# Skýringar

	2024,0	2023
<b>1. Félagsgjöld:</b>		
Félagsgjöld aðildarfélaga (200 kr. Pr. Félagsmann 16+)	0,0	51.600
<b>Samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>51.600</b>
<b>2. Framlög og styrkir:</b>		
Starfsstyrkur frá Dalabyggð	1200000,0	1.200.000
Aðrir styrkir	43544,0	0
Íslenskar getraunir	103317,0	86.278
<b>Samtals</b>	<b>1346861,0</b>	<b>1.286.278</b>
<b>3. Tekjur af Lottó:</b>		
UMFÍ	2208111,0	5.650.173
Íþróttá- og Ólympíusamband Ísl.	1462650,0	2.141.272
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	100000,0	137.412
<b>Samtals</b>	<b>3770761,0</b>	<b>7.928.857</b>
<b>5. Seldur fatnaður:</b>		
Seldur íþróttafatnaður / handklæði	0,0	75.900
<b>Samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>75.900</b>
<b>6. Keyptur fatnaður</b>		
JAKO fatnaður	0,0	411.560
<b>Samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>411.560</b>
<b>7. Mótakostnaður:</b>		
FRÍ þjónustugjald	44100,0	20.000
ULM skráningargjöld	105000,0	0
<b>Samtals</b>	<b>149100,0</b>	<b>20.000</b>
<b>8. Lokahóf barna og ungmennastarfs UDN:</b>		
Lokahóf	0,0	45.000
Viðurkenningar og verðlaunagripur	12500,0	0
<b>Samtals</b>	<b>12500,0</b>	<b>45.000</b>
<b>10. Framlög, styrkir og árgjöld:</b>		
*Hlutur aðildarfélaga af Lottótekjum	2639533,0	5.550.200
Styrkur til aðildarfélaga	0,0	700.000
Aðrir styrkir	160000,0	0
Aðildarfélög UDN í Dalabyggð v/styrks frá Dalabyggð	1200000,0	1.200.000
<b>Samtals</b>	<b>3999533,0</b>	<b>7.450.200</b>
<b>11. Laun og launatengd gjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld vegna framkvæmdastjóra	0,0	0

<b>Samtals</b>	<u>0,0</u>	<u>0</u>
----------------	------------	----------

### **12. Skrifstofukostnaður og búnaður**

Aldeilis auglýsingastofa, hýsing	50639,0	95.808
Sýn hf	35323,0	45.060
Internet á Íslandi hf	6789,0	6.293
Burðargjöld og ljósritun	3790,0	0
Abler ehf	135764,0	0
Annar kostnaður	198569,0	96.255
Netvöktun	28954,0	23.617
<b>Samtals</b>	<u>459828,0</u>	<u>267.033</u>

### **13. Stjórnun og umsýsla:**

Gisting og ferðakostnaður v.þings UMFÍ, ÍSÍ o.fl.	29000,0	62.000
Fundarkostnaður	15350,0	44.055
<b>Samtals</b>	<u>44350,0</u>	<u>106.055</u>

### **14. Vaxtatekjur og verðbætur:**

Vaxtatekjur	476386,0	297.375
<b>Samtals</b>	<u>476386,0</u>	<u>297.375</u>

### **15. Vaxtagjöld:**

Dráttavextir	1240,0	10.735
Bankakostnaður, þjónustugjöld	1695,0	3.165
Fjármagnstekjuskattur	104805,0	65.426
Afskriftir eldri krafna	530152,0	124.000
<b>Samtals</b>	<u>637892,0</u>	<u>203.326</u>

	2024	2023
<b>16. Fastafjármunir:</b>		
Stapavöllur	1807694,0	1.807.694
<b>Samtals</b>	<u>1807694,0</u>	<u>1.807.694</u>
<b>17. Skammtímakröfur:</b>		
Félagsmenn v/íþróttafatnaðar	87715,0	87.715
Inneign hjá samstarfi ungmennafélaganna	0,0	129.375
Inneign v.íþróttastarfsemi	0,0	773.327
Lottó frá UMFÍ og ÍSÍ - ógreitt v.des 2024	112347,0	855.614
<b>Samtals</b>	<u>200062,0</u>	<u>1.846.031</u>
<b>18. Handbært fé:</b>		
Reikn. 0312-26-007263	6058187,0	7.082.208
Reikn. 0312-26-009100	7684,0	9.979
Reikn. 0312-22-001121	5478087,0	5.165.550
Reikn. 0312-13-868084	84145,0	82.310
<b>Samtals</b>	<u>11628103,0</u>	<u>12.340.047</u>
<b>19. Viðskiptaskuldir:</b>		
***Ógreitt Lottó til aðildarfélaga	3011925,0	5.542.143
FRÍ	0,0	118.500
<b>Samtals</b>	<u>3011925,0</u>	<u>5.660.643</u>
<b>*Hlutur aðildarfélaga af lottótekjum 2024</b>		
Glímufélag Dalamanna	569943,5	823.776
Hestamannafélagið Glaður	882777,3	2.301.470
Umf. Afturelding	569943,5	823.776
Íþróttafélagið Undri	616868,6	1.601.177
<b>Samtals</b>	<u>2639533,0</u>	<u>5.550.199</u>
<b>**Uppgjör á lottógreiðslum til aðildarfélaga</b>		
Hlutur aðildarfélaga af Lottótekjum	2639533,0	5.550.200
Félagsgjöld aðildarfélaga (200kr. Pr. Félagsmanna 16+)	0,0	-51.600
<b>Ógreitt Lottó til aðildarfélaga 31.12.2024</b>	<u>2639533,0</u>	<u>5.498.600</u>